

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

HÖFÐABAKKI 9 · 6. HÆÐ · 110 REYKJAVÍK · SÍMI 587 1286 · FAX 587 1247 · logmenn@justice.is · http://www.justice.is

HREINN LOFTSSON HRL.
PÓRDUR BOGASON HRL.
EINAR FAREST/EIT HDL.
GUNNAR INGI JÓHANNSON HDL.
KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR HDL.
VIGDÍS ÓSK SVEINSDÓTTIR HDL.

Til fjölmörgum aðilum

Með bréfi, dags. 23. ágúst s.l., sendi Innanríkisráðuneytið sýslumönnunum á Höfn og í Kópavogi alvarlegar athugasemdir varðandi málsmeðferð þeirra í máli Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur og þriggja dætra hennar sumarið 2012. Bréfið er sent í framhaldi af kæru lögmannna Höfðabakka f.h. Hjördísar vegna málsmeðferðar sýslumannanna. Niðurstaða ráðuneytisins verður ekki skilin á annan veg en þann, að börnin hafi verið tekin af Hjördísi með ólögmætum hætti.

Alvarlegustu brotin fólust í því að hagsmunu barnanna var ekki gætt með tryggilegum hætti. Ítrekað var skorað á sýslumenn að gæta að réttri lagaframkvæmd, m.a. skoraði félagsmálastjóri Hornafjarðar á sýslumann að fresta aðgerðum í þeim tilgangi að tryggja réttindi barnanna, m.a. með skýrslutökum. Þá voru stjórnvöld þ. á m. ráðherrum, ítrekað vörud við því af fjölmörgum aðilum að til stæði að taka börnin af móður án lagaheimildar.

Helstu athugasemdir ráðuneytisins í bréfinu til sýslumannanna eru eftirfarandi:

- Hinn 17. febrúar 2012 barst ráðuneytinu beiðni frá dönskum yfirvöldum um afhendingu barnanna vegna ólögmæts brotnáms en dönsk stjórnvöld litu svo á, að um nýtt brotnámsmál væri að ræða ótentg sambærilegu máli frá árinu áður.
- Innanríkisráðuneytið leit einnig svo á að um nýtt brotnámsmál væri að ræða og hafði milligöngu um að senda beiðni til lögmanns föðurs, sem fór af stað með nýtt brotnámsmál og fékk til þess gjafsóknarleyfi frá íslenska ríkinu.
- Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að þessi framkvæmd hafi tekið breytingu frá því sem ráð var fyrir gert. Í stað þess að nýtt brotnámsmál færí af stað hafi málið ekki hlotið meðferð fyrir íslenskum dómstólum, þar sem sýslumaðurinn á Höfn og síðar sýslumaðurinn í Kópavogi hafi ákveðið, að kröfu föðurs barnanna, að framkvæma gerðina á grundvelli dóms í máli frá árinu áður. Því máli var þó lokið samkvæmt áliti bæði danska og íslenska miðstjórnarvaldsins.
- Ráðuneytið tekur fram að af þessum sökum hafi við framkvæmd aðfarargerðarinnar hvorki legið fyrir úrslausn íslenskra dómstóla um hvort fór móður frá Danmörku til Íslands í ársbyrjun 2012 hafi verið ólögmæt í skilningi laga, né mat dómstóla á því hvort skilyrði væri til þess að senda börnin úr landi.
- Það er mat ráðuneytisins að sýslumanni hafi mátt vera það ljóst að mikill vafí hafi verið uppi um gildi aðfararheimildarinnar og því hefði gerðin ekki átt að fara fram heldur leysa úr málínu fyrir dómstólum.

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

- Tekur ráðuneytið fram að það sé einungis á valdi dómstóla að meta hverju sinni hvort um ólögmætt brotnám barns sé að ræða og hvort þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi séu uppfyllt til þess að senda barn úr landi. Einnig tekur ráðuneytið fram að það sé ekki í höndum sýslumanna að leggja sjálfstætt mat á það hvort um ólögmætt brotnám hafi verið að ræða.
- Þá tekur ráðuneytið ennfremur fram að eftir að börn voru tekin af móður voru þau afhent barnaverndaryfirvöldum þar til faðir kom til landsins að sækja þau. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að ekki hafi verið lagagrundvöllur fyrir þeirri aðgerð þar sem ekki lá fyrir samþykki frá föður. Að vísu kemur fram sú villa í bréfi ráðuneytisins að faðir hafi sótt börnin næsta dag og farið með þau til Danmerkur. Hið rétt er að faðir kom tveimur dögum eftir að börnin voru tekin úr umráðum móður og voru börnin á meðan í umsjá fósturfjölskyldu.

Reykjavík, 5. september 2013

Hreinn Loftsson hrl.